

Reykjavík, 4. desember 2015

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis hefur fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis leitað eftir umsögn Landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, 338. mál.

Geðhjálp lýsir yfir ánægju sinni með að þingsályktunartillagan hafi verið lögð fram enda felur hún í sér fyrstu markvissu áætlun stjórnvalda um umbætur í geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ef vel verður að verki staðið er óhætt að fullyrða að hvert einasta verkefni mun skila ómetanlegum árangri til bættrar geðheilsu og lífsgæða þjóðarinnar í nútíð og framtíð.

Að því sögðu vekja Landssamtökin Geðhjálp athygli velferðarnefndar á eftirfarandi:

- ✓ Þingsályktunin felur ekki í sér eiginlega stefnu í geðheilbrigðisþjónustu. Við upphaf vinnunnar benti Geðhjálpar á að eðlilegt væri að hefja ferlið á víðu samtali um hugmyndafræði á borð við valdeflingu. Eftir að hugmyndafræðin lægi fyrir myndu einstök verkefni ganga upp í hana eins og tíðkast í hefðbundinni stefnumótunavinnu. Þar með yrði tryggt að allar aðgerðir miðuðu að sama markmiði. Ekki var tekið mið af þessu sjónarmiði Geðhjálpar í vinnu stýrihópsins.
- ✓ Þingsályktunin leggur ekki nægilega áherslu á að reynsla notenda sé nýtt. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt fram á ómetanlegt gildi þess að nýta þátttöku notenda við stefnumótun og framkvæmd geðheilbrigðisþjónustu við aðra notendur, m.a. með hliðsjón af því að notendur eigi auðveldara með að ávinna sér traust annarra notenda heldur en almennt fagfólk. Lagt er til að úr þessu verði bætt m.a. með því að gera ráð fyrir þátttöku notenda og faghópa á borð við iðjuþjálfra og félagsráðgjafa í þjónustu heilsugæslustöðva við notendur geðheilbrigðisþjónustunnar, sbr.verkefnalýsingu A3.
- ✓ Þingsályktunin tekur ekki á alvarlegum brotalömmum í þjónustu við börn og ungmenni með tvíþættan vanda, þ.e. geð- og vímuefnavanda. Knýjandi umbætur í þjónustu við þennan hóp eru listaðar upp í hjálögðu bréfi Geðhjálpar til félags- og húsnæðisráðherra frá 27. maí síðastliðnum.
- ✓ Þingsályktunin felur sum staðar í sér óljósar verkefnalýsingar. Stefnt er að því að mæta uppsafnaðri þörf útskrifaðra geðfatlaðra á geðsviði Landspítalans fyrir búsetuúrræði í verkefnalýsingu A9. Hér er ekki ljóst hvort átt er við geðfatlaðra á almennum deildum eða réttar- og öryggisdeild spítalans. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur unnið að því að bjóða geðfötlum með búsetu á almennum deildum húsnæði við hæfi með góðum árangri undanfarin misseri.

Á hinn bóginn ríkir fullkomið úrræðaleysi um hentugt búsetuúrræði til frambúðar fyrir einstaklinga af réttar- og öryggisdeildum spítalans, sbr. meðfylgjandi kynningarmyndband frá Landspítalanum <http://www.landspitali.is/um-landspitala/frettir-og-vidburdir/frett/2015/11/30/Prufa/>.

Velferðarráðuneytið hét því að koma upp slíku úrræði í samvinnu við Reykjavíkurborg fyrir ári eða í desember 2015. Ekkert hefur enn bólað efndu þessa loforðs. Ljóst er að uppbygging úrræðis af þessu tagi kallar á samhent átak heilbrigðis-, velferðar- og innanríkisráðherra í samráði við Reykjavíkurborg enda hefur ekkert annað sveitarfélag burði til að standa að framkvæmd þjónustunnar fyrir allt landið. Fyrir liggur að byggja þurfi sérhæft húsnæði fyrir úrræðið og er því ljóst að nokkur tími mun líða þar til hægt verður að bjóða upp á búsetuúrræði af þessu tagi í endanlegri mynd. Að óbreyttu er því ljóst að 6-7 einstaklingar með búsetu á réttar- og öryggisdeildum geðsviðs munu búa áfram á spítalanum. Þar með eru þeir sviptir þeim grundvallar mannréttindum að búa á heimili, ekki stofnun.

Með hliðsjón af þeirri staðreynd eru stjórnvöld hvött til að hraða vinnu sinnu við mótun hentugs búsetuúrræðis fyrir einstaklinga af réttar- og öryggisgeðdeild spítalans og hefja rekstur þess í bráðabirgðahúsnæði eins fljótt og unnt er.

- ✓ Þingsályktunin felur sums staðar í sér ómarkviss markmið. Greina á árangursríkar aðferðir til að draga úr fordómum í garð geðfatlaðra í verkefnalýsingu C1. Lagt er til að settur verði á fót starfshópur til að finna leiðir sem sýnt hafi verið fram á að dragi úr fordómum gagnvart fólki með geðraskanir. Mælanlegt markmið er tiltekið að starfshópurinn skili niðurstöðum árið 2017. Rétt er að taka fram að víða liggja fyrir gagnreyndar aðferðir til að draga úr fordómum. Flestum þeirra ber saman um að besta leiðin í baráttunni gegn fordómum felist í því að því einstaklingar umgangist veika einstaklinga, t.d. á vinnumarkaði, í skóla eða í gegnum félagastarf. Því virðist óhætt að ganga skrefinu lengra og gera ráð fyrir því að mælanlegt markmið felist í því að starfshópurinn skili raunhæfri áætlun um hvernig unnið skuli gegn fordómum í garð geðfatlaðra á Íslandi á ákveðnu tímabili.
- ✓ Þingsályktunin felur sum staðar í sér ómarkvissa mælikvarða. Fram kemur að til standi að ríki og sveitarfélög ráði fleira fólk sem lent hafi utan vinnumarkaðar vegna langvinnra geðraskana til starfa á stofnunum sínum í verkefnalýsingu C3. Mælanlegt markmið er sagt vera breytt viðhorf til fólks á viðkomandi vinnustöðum. Þessi mælikvarði er ekki mælanlegur nema efnt sé til viðhorfsskannanna fyrir og eftir átakið. Enn markvissara og mælanlegra viðmið væri þó fjöldi nýrra hlutastarfa á ákveðnu tímabili. Með sama hætti mætti styrkja mælanleg markmið varðandi leiðbeiningar um umfjöllun fjölmiðla um geðheilbrigðismál með því að gera ráð fyrir rýningu fjölmiðlaefnis fyrir og eftir útgáfu leiðbeininganna.

Eins og áður segir er þingsályktunin fagnaðarefni. Hún felur í sér mörg metnaðarfull verkefni, t.a.m. bætt aðgengi að sálfræðingum á heilsugæslustigi, átak í þjónustu Barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans og stuðning við fjölskyldur og unglínga með geðrænan vanda. Því ber þó að halda til haga að þingsályktunin felur ekki í sér heildstæða stefnu, inniheldur takmarkaðan fjölda verkefna og nær yfir takmarkað tímabil eða aðeins fjögur ár.

Geðhjálp saknar þess að þingsályktunartillagan feli ekki í sér stuðning við Landspítalann við að taka á móti ört vaxandi hópi notenda á tímabilinu. Geðhjálp hefur vakið athygli á að alvarlega veiku fólki sé vísað frá og sjúklingar útskrifaðir of snemma af spítalanum við þessar aðstæður. Með sama hætti sakna samtökin þess að ekki eru að finna innan þingsályktunartillögunar áform stjórnvalda um að koma upp svokölluðu skjólshúsi til að taka við útskrifuðum sjúklingum af geðsviði. Skjólshús myndi án efa létta álagi af spítalanum og koma stórum hópi notenda og aðstandenda til góða.

Síðast en ekki síst veldur vonbrigðum að tækifærið skuli ekki notað til að laga alvarlegar brotalamir í geðheilbrigðisþjónustu við fanga, sbr. ábendingar frá Geðhjálpar, Umboðsmanni Alþingis og Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment). Hvergi er heldur að finna úrbætur hvað varðar þjónustu við fólk með ADHD. Síðast en ekki síst fjallar þingsályktunin ekki um eitt af helstu áhersluatriðum Geðhjálpar í geðheilbrigðisþjónustu, þ.e. að útrýma ofbeldi gagnvart geðsjúkum á stofnunum, í öðrum úrræðum og þjónustu. Nauðsynlegt er að úr því verði bætt í afgreiðslu þingsins.

Geðhjálpar leggur að lokum áherslu á að vandað sé til verka við framkvæmd fyrirliggjandi verkefna innan þingsályktunarinnar, fjármagn verði afmarkað og eftirlit með verkþáttum tryggt af hálfu ráðuneytisins.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í framkvæmd stefnunnar, bæði hvað varðar stefnumótun og útfærslu eins og þurfa þykir hverju sinni.

Fyrir hönd Geðhjálpar,
Hrannar Jónsson, formaður.

